

Heimspeki með börnum

Kennsluleiðbeiningar með bókinni:

Úlla horfir á heiminn

Höfundur: Kári Tryggvason

Lundarsel
2000-2001

Úlla horfir á heiminn

Sagan: Úlla horfir á heiminn

Gefin út.

Þetta eru kennsluleiðbeiningar sem unnar voru í heimspekisamræðum við leikskólabörn í leikskólanum Lundarseli á Akureyri, út frá bókinni: Úlla horfir á heiminn. Hugmyndir fylgja af ýmsum verkefnum sem hægt er að vinna út frá efni bókarinnar.

Skrýtið

- Hvað er skrýtið?
- Finna eitthvað sem er skrýtið og ekki skrýtið?
- Geta hús verið skrýtin?
- Geta dýr verið skrýtin?
- Getur mér þótt eitthvað skrýtið en ekki ykkur?
- Hvað er það sem gerir eitthvað skrýtið?
- Hvernig vitum við að eitthvað er skrýtið?

Fallegt

- Hvað getur verið fallegt?
- Hvað er fallegt?
- Er veðrið fallegt?
- Er sandurinn fallegur?
- Geta blóm, árstíðir, rigning, kanínur og fl. verið fallegt?
- Er eitthvað til sem er ekki fallegt?
- Er allt sem er lifandi fallegt?
- Gæti mér þótt eitthvað fallegt en ykkur ljótt?

Verkefni

Teikna eitthvað fallegt, teikna eitthvað ljótt.
Teikna falleg blóm, teikna ljót blóm

Ljótt

- Hvað er ljótt?
- Getur mér þótt eitthvað ljótt en ykkur fallegt?
- Getur veður verið ljótt?
- Er peysa ljót ef hún stingur?
- Er köttur ljótur ef að hann klórar?
- Er bíll ljótur ef að hann stoppar ekki við gangbraut?
- Er X ljótur ef að hann vill ekki leika?
- Geta stórar kisur verið ljótari en litlar?

Lifa

- Hvað er lifandi?
- Er allt sem er lifandi fólk? Nefna dæmi um það sem er lifandi en er ekki manneskja

Verkefni

Teikna eitthvað sem er lifandi og eitthvað sem er ekki lifandi.
Einingarkubbar byggja garðinn hjá ömmu Úllu.

Hrædd

- Hvað er hræðsla?
- Hverjir geta orðið hræddir?
- Er gott/vont að vera hræddur?
- Er í lagi að vera hræddur t.d. við hunda, ketti, bíla og fl.
- Geta allir orðið hræddir t.d. mamma, pabbi, leikskólakennarinn eða hundar

Hrefna amma

bls: 13.

Falleg lög

- Hvað eru falleg lög?
- Eru til falleg/ljót lög?
- Koma með dæmi? Og rökstyðja af hverju það er fallett/ljótt.

Skemmtileg

- Hvað er skemmtilegt?
- Hvað er leiðinlegt?
- Hver er munurinn á einhverju skemmtilegu og leiðinlegu og rökstyðja það?
- Eru allir skemmtilegir?
- Hvað er það sem gerir eitthvað skemmtilegt?
- Er allt skemmtilegt sem þið gerið í leikskólanum?
- Er leikskólakennarinn skemmtilegur/leiðinlegur ef að hann leyfir ykkur ekki eitthvað?
- Er mamma/pabbi leiðinleg ef þau vilja ekki gefa ykkur eitthvað dót?

Guð

- Hver er Guð?
- Hvað gerir Guð?
- Af hverju?
- Hversvegna?
- Til hvers?
- Getur Guð gert allt?
- Er eitthvað sem Guð getur en við ekki?
- Er eitthvað sem Guð getur ekki en við?

Verkefni

Teikna/mála Guð
Teikna eitthvað fallett/ljótt.

Búa tvær

- Búa öll börn hjá báðum foreldrum sínum?
- Búa öll börn hjá mömmu sinni?
- Búa öll börn hjá pabba sínum?
- Búa einhver börn hjá afa sínum og ömmu?
- Af hverju? Hvernig þá? Hversvegna?
- Tala um mismunandi aðstæður hjá börnunum?

Vondir menn

- Hvað er að vera vondur?
- Eru til vondir menn?
- Eru til góðir menn?
- Hvernig eru góðir menn?
- Hvernig eru vondir menn?
- Hver er munurinn á góðu og vondu?

Verkefni

Er ég vondur ef mamma segir það. Er ég góður ef mamma segir það
Er maturinn vondur ef ... segir það? Er maturinn góður ef Segir það?
Er ég vond ef ég geng frá? Er ég góð ef ég geng frá?

Þjóta á harða spretti

- Hvað þýðir þessi setning?
- (sjá orðatiltækjabók)

Getum við orðið hrædd við:

- Tröll
- Annað fólk
- Dýr
- Snjóinn
- Flugvélar
- Vatnið
- Bíla
- Himinninn
- Hugsunina
- Af hverju?

Öskra þeir hátt-myndlíking

- Geta bílar öskrað?
- Hvað er að öskra hátt?
- Af hverju öskra.....
- Hverjir geta öskrað?
- Geta börn öskrað?
- Geta hundar öskrað?
- Geta flugvélar öskrað?
- Geta flugur öskrað?
- Getur vindurinn öskrað?
- Getur sólin öskrað?

Hrædd við bíla

- Hvað þýðir það að vera hræddur við bíla?
- Hvað er að vera hræddur?
- Geta allir orðið hræddir?
- Geta blóm orðið hrædd?
- Geta fiskar orðið hræddir?
- Getur Tarsan orðið hræddur?
- Eruð þið stundum hrædd?
- Hvernig er maður á svipinn ef maður er hræddur?
- Hvað getur maður gert af maður er hræddur?
- Þekkið þið einhvern sem er aldrei hræddur?
- Hvers vegna verður maður hræddur?
- Er vont að vera hræddur?
- Er gott að vera hræddur?
- Við hvað eruð þið hrædd?
- Hver er andstæða við það að vera hræddur?

Tröllin eru voða stór

- Hvað eru tröll?
- Eru til lítil tröll?
- Eru til stór tröll?
- Eru öll tröll eins?
- Eru til tröll?
- Hvernig eru tröll?
- Hvað geta tröll?
- Hafið þið séð tröll?
- Vitið þið um einhvern sem hefur séð tröll?
- Muna að láta þau koma með dæmi og rökstyðja svör sín.
- Hvernig vitum við að tröll eru til/ekki til:

Verkefni

Búa til tröll og tröllasögu. T.d. úr trölladeigi, eða mála, teikna.

Springa af mæði

- Hvað þýðir þessi setning. (sjá orðatiltækjabók)

Fuglarnir á tjörninni

bls. 32-33

Endurnar teygðu fram gogginn og vildu fá brauð

- Hvað þýðir þessi setning?
- Getum við bara teyggt fram andlitið og veit þá mamma að við viljum fá eitthvað að borða?

Svanurinn gæti líka flogið með mig út í loftið

- Hvað finnst ykkur um það?
- Getur svanurinn tekið og flogið í burtu með börn? Rökstyðja svarið

Dýrabókin

bls.34-36

Þekki öll dýrin

- Er hægt að þekkja öll dýr?
- Vitið þið um einhvern sem þekkir öll dýr? Rökstyðja

Verkefni

Búa til dýragarð, búa til dýr, teikna, mála, klippa út, leira, perla, sauma. Hreyfa sig eins og dýrin d.t. í leikfiminni.

Bullsögur

- Hvað er bullsaga?
- Geta allir búið til bullsögu?
- Eigum við að búa til bullsögu?

Verkefni

Teikna mynd eftir bullsögunni sem þau búa til

Ekki sterkur/voða sterkur

- Hver er munurinn á því að vera sterkur og ekki sterkur?
- Hvað er sterkt já/nei
- Gíraffi
- Ljón
- Risaeðla
- Tröll
- Sólin

Úlla horfir á heiminn

- Tunglið
- Hamarinn
- Fluga
- Láta börnin rökstyðja af hverju já/nei.

Fíllinn ætlaði varla að nenna

- Hvað þýðir það að varla að nenna?
- Er í lagi að nenna ekki einhverju?
- Er í lagi að nenna ekki að taka til í herberginu sínu?
- Er í lagi að nenna ekki að bursta tennurnar?
- Ef mamma segir ég nenni ekki að lesa fyrir þig hvað þá?
- Mega allir nenna ekki einhverju?

Fiðrildið

bls. 42-44

Bullsaga/æfintýri

- Hver er munurinn á þessu tvennu?
- Koma með dæmi.

Þær skinu svo skært

- Hvað þýðir það að skína skært? Rökstyðja.
- Geta stjórnur skinið veikt?

Brosandi engill með stóra skínandi vængi

- Hvað þýðir þessi setning. Útskýrið og rökstyðjið.

Hvíslaði fiðrildið

- Geta fiðrildi hvíslað?
- Geta allir hvíslað?
- Hvað er að hvísla?

Verkefni

Hvísluleikur- einn finnur orð og hvíslar að næsta manni og lætur það svo fara hringinn og athuga hvort að rétta orðið komist til skila þegar hringurinn er búinn

Glitrandi birta og undur fagurt landslag. myndlíking

- Hvað þýðir þessi setning?
- Útskýrið og rökstyðjið.

Fiðrildið dáíð

- Hvað er að deyja?
- Geta allir dáíð?
- Hvert fer maður er maður deyr?

Úlla horfir á heiminn

Ofurlítið tár féll af augum engilsins og snerti fiðrildið

- Hvað þýðir þessi setning? Útskýra og rökstyðja
- Af hverju?
- Hvernig þá?
- Hversvegna?

Hamingjusamt

- Hvað er að vera hamingjusamur?
- Geta allir orðið hamingjusamir?
- Hvernig líður ykkur þegar þið eruð hamingjusöm?
- Af hverju?
- Hvernig þá?
- Hversvegna?

